

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 119/2009

frá 22. október 2009

um breytingu á bókun 26 við EES-samninginn (um valdsvið og störf Eftirlitsstofnunar EFTA á sviði ríkisaðstoðar)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 26 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 132/2007 frá 26. október 2007 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 271/2008 frá 30. janúar 2008 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 794/2004 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 659/1999 um ítarlegar reglur um beitingu 93. gr. EB-sáttmálans <sup>(2)</sup>.
- 3) Í 1. gr. bókunar 26 við samninginn er Eftirlitsstofnun EFTA falið sams konar valdsvið og svipuð störf og framkvæmdastjórn EB hefur við beitingu samkeppnisreglna um ríkisaðstoð og reglugerð (EB) nr. 271/2008 er því felld inn í bókun 26 við samninginn í upplýsingaskyni eingöngu.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í 2. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 794/2004 ) í 2. gr. bókunar 26 við samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32008 R 0271**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 271/2008 frá 30. janúar 2008 (Stjtið. ESB L 82, 25.3.2008, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 271/2008, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 23. október 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni <sup>(\*)</sup>.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 100, 10.4.2008, bls. 1, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 19, 10.4.2008, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 82, 25.3.2008, bls. 1.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 22. október 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***O.H. Sletnes***

formaður.